




2020 2020

ÁRSSKÝRSLA

ÁVARP FORMANNS	3
HLUTVERK OG MARKMIÐ SKÓLANS	4
Hlutverk	4
Markmið	4
GILDI OG STEFNA SKÓLANS	5
Gildi	5
Stefna	6
Helstu mælistikur Tækniskólans	7
SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT	8
Vottað gæðakerfi	8
Öryggis- og heilbrigðismál	8
STJÓRN OG STJÓRNENDUR	9
Eigendur og stjórn	9
Stjórnendur	9
SKÓLAR TÆKNISKÓLANS	11
Kjarnaskóli	11
Tengsl við atvinnulífið	11
Námskeið	11
BRAUTSKRÁNING	13
Vorönn 2020	13
Haustönn 2020	15
ÞJÓNUSTA	17
Námsráðgjöf	17
Sálfræðiþjónusta	18
Forvarnir	19
Félagsmálafulltrúi	19
Jafnréttismál	20
Upplýsinga- og alþjóðadeild	20
FÉLAGSLÍFIÐ	22
Vaxandi félagslíf	22
Fyrirkomulag og félög	22
Stjórn	22
Markverðir viðburðir á árinu	23
MARKVERÐIR VIÐBURÐIR	24
STARFSMENN	27
Starfsmenn	27
Starfsmannafélag	27
Starfsþróunardagar	27
SKÓLAHALD Í HEIMSFARALDRI	28
Vorönn 2020	28
Haustönn 2020	29
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	30
Nemendafjöldi	31
Aldursdreifing	32
Brottfall	33
Dreifnám	34
Kynjaskipting	35
Afkoma ársins	41



ÁVARP FORMANNS

Tækniskólinn er fjölmennasti framhaldsskóli landsins og leiðandi í starfs- og tæknimenntun á Íslandi. Nú stunda liðlega 3.000 nemendur nám við skólann á 50 mismunandi brautum og hafa nemendur aldrei verið fleiri. Stefna Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að hann verði áfram helsti starfs- og tæknimenntaskóli landsins, njóti virðingar nemenda og atvinnulífs fyrir góða menntun og verði eftirsóttur vinnustaður. Menntun og mannauður eru mikilvægar forsendur góðra lífskjara og því mikilvægt að við hlúum að menntamálum okkar með metnaðarfullum hætti.

Því miður velur ungt fólk á Íslandi síður starfs- og tækninám en jafnaldrar þess í öðrum löndum OECD. Fyrir nokkrum árum var hlutfall fólks á aldrinum 15–24 ára sem lagði stund á starfsnám að meðaltali um 19% í Evrópulöndum en aðeins um 10% á Íslandi. Það hefur því verið ánægjulegt að sjá aukna aðsókn og fjölgun nemenda í Tækniskólanum að undanförunu. Ísland sker sig einnig úr þegar horft er til þátttöku kynjanna í starfsnámi og er hlutfall ungra kvenna í starfsnámi hérlandis með því lægsta sem þekktist í Evrópu. Í stefnuýfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar kemur fram að efla eigi starfs- og tækninám og viðtækur stuðningur er við að halda áfram að styrkja ímynd náms og starfa er tengjast iðnmenntun, með markvissum aðgerðum, meðal annars með því að vinna gegn fordómum og ímyndarvanda og efla vitund um mikilvægi starfsmenntunar.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur gefið út nýja reglugerð um vinnustaðanám sem felur í sér grundvallarbreytingu í þjónustu við nemendur. Fram til þessa hafa nemar í starfsnámi sjálfir verið ábyrgir fyrir því að komast á námssamning en með nýju reglugerðinni færast ábyrgðin á þessum námsþætti frá nemunum yfir á skólana sjálfa. Horft verður til hæfni nema við ákvörðun um lengd vinnustaðanáms og því er ætlað að verða markvissara og nemum gefst kostur á að geta útskrifast fyrir en áður.

Starfsemi Tækniskólans fer nú fram í níu fasteignum sem staðsettar eru víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Skólinn hefur nýtt þær flestar í meira en hálfra öld og þær eru af mörgum ástæðum orðnar óhentugar. Þess vegna hefur Tækniskólinn lagt til að byggt verði nýtt 30 þúsund fermetra húsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem rúmi alla starfsemi skólans. Að baki þeirri tillögu liggur 3 ára undirbúningsvinna. Hönnun skólans er ætlað að taka mið af hugmyndum um nýja tækniskóla þar sem eins konar breiðstræti tengir saman þjónustu og samkomu- og vinnusvæði, þannig að leiðir verði greiðar milli mismunandi hluta skólans og jafnframt aðgengi við nærsamfélagið. Það er mat stjórnenda Tækniskólans að nýbygging skólans og hugmyndafræðin að baki grunnhönnun hennar muni stórefla starfs- og tækninám í landinu.

Ég vil þakka skólastjóra, kennurum, öðrum starfsmönnum og nemendum Tækniskólans fyrir vel unnin störf og ástundun á erfiðum tímum farsóttar. Sömuleiðis þakka ég stjórn skólans fyrir gott samstarf. COVID-19 faraldurinn hefur eðlilega haft mikil áhrif á skólastarfið á liðnum misserum og er aðdáunarvert og til fyrirmyndar hvernig starfsmenn skólans og nemendur hafa brugðist við með sveigjanleika og lausnamiðuðum hætti. Á sama tíma hefur skólinn jafnframt tekið við mikilli fjölgun nemenda. Þetta ástand hefur auðvitað reynt mikið á bæði nemendur og starfsfólk. Gott vitni um hvernig til hefur tekist er að brotfall nemenda hefur ekki aukist í þessu ástandi, gagnstætt því sem ætla mátti. Vonandi sjáum við fram á betri tíma með hækkandi sól og að skólastarf geti færst í eðlilegra horf á haustönn.

Egill Jónsson, formaður stjórnar Tækniskólans

HLUTVERK OG MARKMIÐ SKÓLANS

HLUTVERK

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008. Hlutverk Tækniskólans er að mennta nemendur með það að markmiði að nemendur skólans verði eftirsótt starfsfólk í atvinnulífinu. Einnig er það hlutverk skólans að búa þannig að nemendum að þeir verði virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi m.a. með því að efla með þeim gagnrýna hugsun, ábyrgðarkennd, vísýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi.

Sérstaða Tækniskólans felst í nánnum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsótt fólk í handverks-, iðnaðar-, tækni-, tölvu-, vélstjórnar-, skipstjórnar- og sjávarútvegsgreinum til starfa í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi.

MARKMIÐ

Meginmarkmið Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að veita nemendum menntun sem samtímis er sniðin að þörfum nemenda og atvinnulífs, auðgar líf einstaklinganna og eflir samfélagið. Það er stefna skólans að vera ávallt í fararbroddi í þróun námsbrauta, kennsluhátta og notkun upplýsingatækni í kennslu.



GILDI OG STEFNA SKÓLANS

GILDI

Tækniskólinn hefur sett sér gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi og rekstri skólans. Mikilvægt er að starf innan skólans sé á grundvelli þessara gilda og að sífellt sé leitast við að mæta þeim kröfum sem samtíminn gerir til skólustarfs. Samhliða er horft til framtíðar og rýnt í þróun kennslu og starfshátta.

Gildi Tækniskólans eru eftirfarandi:

MENNTUN:

- » Við leitumst við að veita nemendum okkar fjölpætta menntun sem nýtist þeim til starfa, áframhaldandi náms og til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.
- » Við endurskoðum reglulega inntak og framsetningu kennslunnar til að koma á framfæri bestu hefðum og nýjustu tækni.
- » Við leggjum áherslu á að virkja sköpunarkraftinn og stuðlum að samþættingu ólíkra greina.

VIRÐING:

- » Við mætum hverjum nemanda þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum.
- » Við stuðlum að og virðum jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og nemendum og bjóðum þeim bestu mögulegar aðstæður.
- » Við virðum gildi og hefðir faggreina og nálgumst umhverfi okkar með endurnýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi.

FAGMENNSKA:

- » Við leggjum áherslu á fagmennsku á öllum sviðum, í kennslu, stoðþjónustu og samskiptum við nemendur, foreldra og atvinnulíf.
- » Við ástundum fagleg vinnubrögð og hagsýni í stjórn skólans og ákvarðanatöku.
- » Við byggjum fagmennsku okkar m.a. á námskrám, áætlunum, ferlum og gæðaviðmiðum.

FRAMSÆKNI:

- » Við erum fljót til nýjunga, leitum tækifæra og bjóðum nemendum nýjar lausnir.
- » Við bregðumst við þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað starfsfólk og vinnum með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að þróun námsbrauta.
- » Við göngum á undan í innleiðingu nýrra kennsluhátta og þróun námskráa.

STEFNA

Stefna í kennslu og námi

Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verður náð með því að þróa kennsluhætti, hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda og eftirliti með ástundun þeirra.



Stefna í þróun námsbrauta

Námskrár allra námsbrauta eru endurskoðaðar reglulega í samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008.

Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna

Starfsmenn og nemendur búi við góðar aðstæður, séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og líði vel í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins. Skólinn mæli reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.

Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði

Nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðs-stjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinni náið með eigendum að þróun hans í aðbúnaði og framtíðarhúsnæði.

Aðrar stefnur skólans er að finna í gæðahandbók skólans á www.tskoli.is:

- » Forvarnarstefna
- » Heilsustefna
- » Jafnlaunastefna
- » Jafnréttisstefna
- » Persónuverndarstefna
- » Starfsmannastefna
- » Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi
- » Stefna í alþjóðamálum
- » Umhverfisstefna
- » Vefstefna
- » Öryggis-, heilbrigðis- og vinnuumhverfisstefna

HELSTU MÆLISTIKUR TÆKNISKÓLANS

ATRÍÐI TIL MÆLINGA	MARKMIÐ MÆLINGA	MÆLISTIKA	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Kennsla og nám														
Afföll skráðra eininga	Verði undir 15%	INNA - áramót	16,53%	15,63%	15,56%	15,31%	15,05%	16,15%	15,70%	15,11%	14,03%	13,57%	13,22%	13%
Hlutfall staðinna eininga	Verði yfir 75%	INNA - áramót	73,55%	75,44%	75,29%	75,44%	73,65%	72,87%	73,41%	72,95%	74,24%	75,35%	78,93%	78,52%
Vægi lokaprófa minnki	30% á þremur árum	INNA - áramót	46%	47%	42%	35%	37%	22%	33%	19%	0%	0%	0%	0%
Notkun ferilmöppu sem hluta námsmats	30% á ári	Kennsluáætlanir	n/a	Nýtt	2012	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi	Í gangi
Mannauður														
Viðhorfsgættanir - 1 könnun á ári víxl starfsmenn/nemendur	Kanna viðhorf	Skýrsla	Starfs.	Nem.	Nem.	Stm/nem	Nem.	Stm/nem	Nem.	Nem.	Stm/nem	Starfs.	Starfs.	Stm/nem
Heildarniðurstöður kennslumats	Yfir 4	Skýrsla	4,27	4,30	4,22	4,24	4,23	4,22	4,22	4,28	4,25	4,36	4,49	4,36
Niðurstaða áfangahluta kennslumats	Yfir 4	Skýrsla	n/a	Nýtt	4,17	4,28	4,22	4,21	4,21	4,21	4,17	4,25	4,32	4,26
Rekstur														
Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld	10% á þremur árum	Fjárhagsyfirlit	13,3%	15,5%	15,00%	15,80%	14,70%	14,10%	12,60%	22,20%	22,00%	15,23%	12,57%	10,17%
Meðalnýting í kennsluhópum	Yfir 90% á hverju ári	Skýrsla	86,85%	90,00%	101%	101%	95%	97%	94%	91%	95%	95%	95%	95%
Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum	Undir 90%	Fjárhagsyfirlit	79,30%	75,90%	75,00%	73,50%	74,90%	76,80%	77,80%	72,90%	70,00%	73,82%	71,00%	71,0%

SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT

VOTTAD GÆÐAKERFI

Tækniskólinn starfar eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO 9001:2015, vottað af Vottun hf. sem framkvæmir reglulega úttekt á kerfinu. Einnig er kerfið reglulega tekið út af óháðum úttektaraðila að kröfu International Maritime Organization. Skólinn vinnur sjálfur stöðugt að umbótum gæðakerfisins m.a. með innri úttektum, rýni ferla, rýni atvika, meðhöndlun ábendinga og forvarna- og úrbótaverkefnum. Gæðakerfi skólans er ætlað að tryggja að skólinn uppfylli þarfir og væntingar nemenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila skólans.

Gæðahandbók skólans heldur utan um stefnskjölg og verklagsreglur sem ná yfir alla starfsemi skólans með tilheyrandi vinnulýsingum, gátlistum, eyðublöðum og leiðbeiningum. Gæðahandbókin er aðgengileg öllum starfsmönnum skólans. Gæðaskjölin eru einnig gerð aðgengileg öllum á vefsíðu skólans www.tskoli.is.

Skólinn vinnur að jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85:2012.

ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Stefna Tækniskólans er að tryggja öllum nemendum og starfsmönnum öruggt og heilsusamt vinnuumhverfi. Markmið skólans er að vera slysalaus vinnustaður og stuðla að aukinni öryggisvitund. Til að ná þeim markmiðum er stöðugt unnið að öryggis- og heilbrigðismálum í skólanum. Reglulega fara fram rýmingaræfingar í öllum helstu byggingum skólans í samstarfi við Öryggismiðstöðina sem er þjónustuaðili skólans í eldvarnarmálum. Eldvarnareftirlitið og Heilbrigðiseftirlitið taka reglulega út allar byggingar skólans svo og framkvæmir skólinn sjálfur reglulega eldvarna- og öryggisúttektir ásamt því að

skrá og meðhöndla öll atvik sem verða í skólanum, þar á meðal hættulegt verklag. Frávikum er beint í forvarna- og úrbótaverkefni innan skólans. Stöðugt er unnið að eflingu öryggisvitundar með fræðslu, auknum kröfum til öryggisbúnaðar og strangari reglum.

Heilbrigðismál eru einnig skólanum hugleikinn og vinnur skólinn stöðugt að umbótum er varða heilbrigðis- vinnuumhverfismál s.s. loftgæði, hljóðvist og vinnuáðstöðu starfsmanna og nemenda.

Tækniskólinn sem er einn af Heilsuefandi framhaldsskólum á Íslandi var sæmdur Gulliplinu 2020 fyrir framúrskarandi heilsueflingarstarf en það árið var horft sérstaklega til skólatengsla og geðheilbrigðis. Verkefnið, sem átti stóran þátt í því að skólinn hlaut viðurkenninguna kallast „Buddies“ eða „Vinafélagið“ og hófst haustið 2019. Þátttakendur voru 60 nemendur, annars vegar nýnemar af erlendum uppruna sem stunda nám á íslenskubraut og hins vegar íslenskir nemendur á aldrinum 17 –20 ára Markmið verkefnisins er að nemendur kynnist menningu ólíkri sinni eigin og að íslensku nemendurnir styðji við nemendur á íslenskubraut á margvíslegan hátt, svo sem við að kynnast skólanum, starfsfólki hans og þjónustu ásamt félagslífi nemenda og nemendafélögum. Þá er enn fremur markmið að þátttakendur kynnist menningarstarfi í höfuðborginni og fái að fara í leikhús, bíó og á söfn. Með þátttöku í verkefninu fá erlendir nemendur markvissa kynningu á íslensku samfélagi sem getur gert þá betur í stakk búna en ella til að aðlagast því. Hlé varð á vinafélaginu meðan á COVID stóð en vonir standa til að hefja starfið aftur 2021.

STJÓRN OG STJÓRNENDUR

EIGENDUR OG STJÓRN

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélagið í eigu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Stjórn skólans er skipuð fulltrúum eigenda af eftirtöldum aðilum:

AÐALMENN Í STJÓRN:	
Arna Arnarsdóttir	SI
Bolli Árnason	SI
Egill Jónsson	SI stjórnarformaður
Einar Sigurðsson	SFS
Hrefna Karlsdóttir	SFS
Hjörtur Guðnason	IMFR
Páll Erland	Samorka

STJÓRNENDUR

Stjórnendur skólans eru skipaðir af fulltrúum eigenda og eru eftirtaldir aðilar:

STJÓRNENDUR SEM SKIPA REKSTRARRÁÐ:	
Hildur Ingvarsdóttir	skólameistari
Guðrún Randalín Lárusdóttir	aðstoðarskólameistari
Björg Jónsdóttir	rekstrar- og fjármálastjóri

ADRIR STJÓRNENDUR:

Gunnar Sigurðsson	deildarstjóri fasteigna
Gunnhild Hatlemark Öyahals	gæða- og skjalastjóri
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir	deildarstjóri upplýsinga- og alþjóðadeildar
Ólafur Sveinn Jóhannesson	deildarstjóri markaðs- og kynningardeildar
Ómar Aage Tryggvason	deildarstjóri tölvu- og tæknideildar

SKÓLASTJÓRAR:

Gunnar Kjartansson	skólastjóri Byggingatækniskólans
Jón Hjalti Ásmundsson	skólastjóri Skipstjórnarskólans og Vélækniskólans
Jóna Dís Bragadóttir	skólastjóri Tæknimenntaskólans
Kristín Þóra Kristjánsdóttir	skólastjóri Upplýsingatækniskólans
Ragnhildur Guðjónsdóttir	skólastjóri Endurmenntunarskólans og Tækniakademíunnar
Sandra Borg Gunnarsdóttir	skólastjóri Hönnunar- og handverksskólans
Valdemar G. Valdemarsson	skólastjóri Raftækniskólans

SKÓLAR

TÆKNISKÓLANS

KJARNASKÓLI

Tækniskólinn er kjarnaskóli í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum og hefur lagt sig fram um að rækja það hlutverk af alúð og samviskusemi. Helstu verkefni Skipstjórnar- og Véltækniskólanna sem kjarnaskóla á undanförunum árum hafa verið margvísleg og tengst fjölbreyttum verkefnum. Meginverkefni hafa annars vegar verið samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms. Námið við þessa skóla er viðurkennt af IMO, Alþjóða siglingamálastofnuninni, og gefa hérland samgöngugyfirvöld út alþjóðlega viðurkennd skírteini eftir námið.

TENGL VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Kennarar faggreina skólans hafa breiða fagþekkingu, eru stoltir af sínum iðngreinum og bera hag þeirra fyrir brjósti með því að leggja sitt af mörkum til að byggja brú milli skóla og atvinnulífs. Reglulega koma t.d. kennarar úr atvinnulífinu í heimsókn í skólann með innlegg og fyrirlestra og sömuleiðis hafa nemendur unnið verkefni í tengslum við atvinnulífið. Kennslan og starfið í skólanum hefur notið velvildar fyrirtækja og er alltaf vel tekið á móti nemendahópum sem fara í tugi heimsókna á hverju ári í ýmis fyrirtæki sem kemur á góðu sambandi við atvinnulífið og hefur sú tenging heldur verið að aukast. Stórar gjafir hafa verið færðar skólunum frá ýmsum fyrirtækjum í gegnum tíðina. Gjafir sem koma sér vel í kennslu og styðja við námið og auka tengsl við nýjustu tækni og þróun í faggreinunum.

NÁMSKEIÐ

Endurmenntunarskólinn hefur sérstöðu meðal undirskóla Tækniskólans en hlutverk hans er m.a. að efla og auka framboð í endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðar

ljósi. Haldinn er fjöldi námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómstundanámskeið og einnig sérhæfð námskeið fyrir starfsfólk ólíkra atvinnugreina til sjós og lands sem og undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf. Endurmenntunarskólinn hefur notið góðs af opnun framtíðarstofunnar 42 og má segja að mörg ný námskeið hafi sprottið fram í tengslum við aðstöðuna þar og þá grósku sem hefur átt sér stað frá opnun 42.



TÆKNISKÓLINN




BYGGINGATÆKNISKÓLINN

- » Húsasmíði
- » Húsgagnasmíði
- » Húsgagnabólstrun
- » Tækniteikun
- » Pípulagnir
- » Málaraíðn
- » Múraraíðn
- » Veggfóðrun & dúklögn



HÖNNUNAR- OG HANDVERKSSKÓLINN

- » Gull- & silfursmíði
- » Hársnyrtiðn
- » Hönnunar- & nýsköpunarbraut
- » Fatatækni
- » Kjólasaumur
- » Klæðskurður




RAFTÆKNISKÓLINN

- » Rafvirkjun
- » Rafeindavirkjun
- » Rafveituvirkjun
- » Rafvélavirkjun
- » Hljóðtækni
- » Kvikmyndataekni



SKIPSTJÓRNARSKÓLINN

- » Skipstjórn



TÆKNIMENNTASKÓLINN

- » Náttúrufræðibraut
- » Starfsbraut
- » Íslenskuþekni
- » K2: Tækni- og vísindaleið



UPPLÝSINGATÆKNISKÓLINN

- » Bókband
- » Prentiðn
- » Grafísk miðlun
- » Ljósmyndun
- » Tölvubrautir
- » Grunnám upplýsinga- & fjölmiðlagreina



VÉLTÆKNISKÓLINN

- » Flugvirkjun
- » Jarðvirkjun
- » Vélvirkjun
- » Vélstjórn
- » Rennismíði
- » Stálsmíði



TÆKNIKADEMÍAN

- » Vefpróun
- » Stafræn hönnun
- » Meistaraskólinn
- » Endurmenntunarskólinn

BRAUTSKRÁNING

VORÖNN 2020

Alls brautskráðust 658 nemendur frá Tækniskólanum á árinu.

Fyrri útskriftin var haldin 29. maí í Eldborgarsal Hörpu en vegna COVID-19 var útskrifað í tveimur athöfnum. Alls voru brautskráðir 388 nemendur af 81 fagbraut frá eftirfarandi skólum/deildum skólans:

- » *Byggingatækniskólanum*
- » *Handverksskólanum*
- » *Raftækniskólanum*
- » *Skipstjórnarskólanum*
- » *Tæknimenntaskólanum*
- » *Upplýsingatækniskólanum*
- » *Véltækniskólanum*
- » *Meistaraskólanum*

Einnig var útskrifað úr Tækniakadémíunni sem er nám á fagháskólastigi en þar er kennd vefþróun og starfræn hönnun.

HUGVIT OG UMHYGGJA

Hildur Ingvarsdóttir skólameistari fjallaði um sérstöðu þessarar annar vegna veirunnar sem hefur breytt heiminum. „Það er eitthvað alveg sérstakt við það að upplifa þá uppskeru sem annarlok og undirbúningur útskriftar og svo útskriftarathöfnin sjálf er. Og að þessu sinni er það enn sérstakara – því á bak við hvert einasta nafn á hverju einasta skírteini liggur sterkur einstaklingur – einstaklingur sem kláraði þrátt fyrir að skólalífið eins og við þekkjum það hafi snúist á hvolf á miðri önn.“ Hildur sagði frá því hvernig nemendur, kennarar og annað starfsfólk skólans hefðu í sameiningu umbreytt náminu á augabragði og sýnt mikla þrautseigju, jákvæðni, hugvit, útsjónarsemi,

vilja og umhyggju til að láta allt ganga. Þessir eiginleikar munu nýtast útskriftarnemendum vel í því sem fram undan er.

NEMENDARÆÐA

Einar Bergmann, útskriftarnemandi í skipstjórn, hélt ræðu við fyrri athöfnina þar sem hann þakkaði kennurum sérstaklega fyrir útsjónarsemi og góða kennslu á tímum COVID-19. Einar er jafnframt yngsti nemandinn sem hefur náð þeim árangri að útskrifast með D-réttindi til skipstjórnar, en hann er 18 ára.



Njáll Halldórsson, útskriftarnemi á náttúrufræðibraut.



Einar Bergmann hélt nemendaræðu.

FRAMÚRSKARANDI NÁMSÁRANGUR

Reyn Alpha Magnúsar af tölvubraut og Njáll Halldórsson af náttúrufræðibraut flugtækni voru heiðraðir fyrir framúrskarandi námsárangur á brautskráningunni og sópuðu til sín verðlaunum.

SAUMAÐI BÚNINGINN SJÁLF


Anna Guðlaug Sigurðardóttir útskriftarnemandi í gull- og silfursmíði hlaut verðlaun fyrir góðan árangur á stúdentsprófi samhliða faggrein. Anna Guðlaug er einn af yngstu nemendum skólans sem lokið hafa námi í gull- og silfursmíði. Hún er mikil handverkskona og til gamans má geta að hún mætti í þjóðbúning sem hún saumaði sjálf, auk þess að hafa smíðað glæsilegt skart sem hún bar. Þá bar Hildur skólameistari glæsilegan hring sem Anna Guðlaug hannaði og smíðaði.



Nemendur í skipstjórn.

FRÁ AFGANISTAN Á ÍSLENSKUBRAUT

Einn verðlaunahafa Tækniskólans er Ali Akbar Rasouli en hann kom til Íslands ásamt eiginkonu sinni Zörha árið 2017. Þá höfðu þau verið í tvö ár á flóttu frá Afganistan. Ali útskrifaðist af íslensku braut með góðum árangri og hlaut bjartsýnisverðlaun Tækniskólans. Í haust mun Ali hefja nám á málarabraut skólans.



Anna Guðlaug Sigurðardóttir.



HAUSTÖNN 2020

Útskrift Tækniskólans var með heldur óhefðbundnu sniði á haustönn 2020. Hún var haldin með rafrænum hætti við hátíðlega athöfn heima í stofu og var viðburðinum streymt í gegnum Youtube sunnudaginn 20. desember. Að þessu sinni útskrifuðust 270 nemendur af 26 námsbrautum frá eftirfarandi skólum/deildum skólans:

Brautskráð var frá eftirfarandi skólum/deildum Tækniskólans:

- » *Byggingatækniskólanum*
- » *Handverksskólanum*
- » *Raftækniskólanum*
- » *Skipstjórnarskólanum*
- » *Tæknimenntaskólanum*
- » *Upplýsingatækniskólanum*
- » *Véltækniskólanum*
- » *Tækniakadéminni (þ.m.t. Meistaraskólanum)*

PRÓFSKÍRTEINI HEIM AÐ DYRUM

Á meðan á athöfninni stóð bankaði starfsfólk Tækniskólans upp hjá nemendum á suðvesturhorninu og afhenti þeim skírteinin ásamt táknrænni gjöf frá skólanum. Þrátt fyrir að nemendur hafi horft á athöfnina heima voru flestir spariklæddir og settu upp útskriftarhúfu í til efni dagsins. Útskriftarnemar voru hvattir til að deila myndum frá deginum undir myllumerkinu #heimaútskrift.

ÞRAUTSEIGJA Á TÍMUM FARALDURS

Nemendur skólans í hljóðtækni, sem mynda hljómsveitina Mono is King, flutti tónlistaratriði á útskriftarathöfninni og sáu nemendur í hljóðtækni um alla hljóðvinnslu en nemendur í kvikmyndataekni tóku upp. Þá sendu kennarar nemendum sínum rafrænar kveðjur og Hildur Ingvarsdóttir skólameistari flutti ávarp. Þar fjallaði hún meðal annars um þær skrítnu aðstæður sem við höfum búið við undanfarið og sagði að árið hefði verið erfitt en þó lærdómsríkt. Þá þakkaði hún nemendum og starfsfólki skólans fyrir þrautseigju og jákvæðni á þessum óhefðbundnu tímum.



Hildur skólameistari, Pétur Lúðvík og Atli Erlingsson.



Alexandra Líf Benediktsdóttir.

ÁHUGI Á ÍSLENSKRI BYGGINGARLIST KVEIKJAN AÐ NÁMINU

Pétur Lúðvík Marteinson sem útskrifaðist úr húsasmíði hlaut verðlaun fyrir bestan heildar námsárangur í skólanum. Pétur hefur mikinn áhuga á íslenskri byggingarlist og er það ein af ástæðum þess að hann valdi námið. Fyrst og fremst valdi hann þó húsasmíði þar sem hann taldi námið hagnýtt.

VILL SKAPA EITTHVAÐ NÝTT Á HVERJUM DEGI

Alexandra Líf Benediktsdóttir sem nam hár-snyrtið hlaut verðlaun fyrir næstbestan heildarárangur í skólanum. „Ég hef alltaf verið listræn manneskja og haft mikinn áhuga á leiklistarmenningu ásamt undirbúningi baksviðs.

Það rann því snemma upp fyrir mér að ég vildi vinna við að skapa eitthvað nýtt á hverjum degi“.

TÖLVUR OG TÆKI Í MIKLU UPPÁHALDI

Egill Pétur Ómarsson sem útskrifaðist með burtfararpróf í rafeindavirkjun og stúdentspróf hlaut verðlaun fyrir bestan heildarárangur í Raftækniskólanum. Einnig hlaut hann íslenskuverðlaun og verðlaun frá Háskólanum í Reykjavík fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum á stúdentsprófi.

ENDURNÝTIR GAMLA HLUTI

Heba Lind Halldórsdóttir hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í húsgagnsmíði. „Ég hef mikinn áhuga á húsgagna- og innanhússhönnun auk þess sem ég hef alltaf haft gaman af því að gramsa á nytjamörkuðum og endurnýta gamla hluti. Ég ákvað að fara í húsgagnsmíði því mig langaði að læra handtökin og hef nú ákveðið að sérhæfa mig í húsgagnaviðgerðum og bólstrun“.

DRAUMASTARFIÐ AÐ FORRITA TÖLVULEIKI

Mikael Andri Ingason sem útskrifaðist af tölvubraut hlaut viðurkenningu fyrir bestan heildarárangur í Upplýsingatækniskólanum ásamt því að fá verðlaun fyrir góðan árangur í forritun.



Heba Lind Haraldsdóttir útskrifaðist í húsgagnsmíði.



Egill Pétur Ómarsson ásamt foreldrum sínum.

Mikael valdi tölvubrautina vegna áhuga á forritun og tölvuleikjagerð.

AF ÍSLENSKUBRAUT Í PÍPULAGNIR

Hussain Merzaye sem útskrifaðist af íslenskubraut hlaut verðlaun fyrir jákvæðni og þrautseigju í námi. Hussain flúði undan ógn Talibana í Afganistan og eftir mikla þrautagöngu fékk hann alþjóðlega vernd á Íslandi og horfir nú til bjartari tíma.

NÁKVÆM VINNUBRÖGÐ LYKILATRIÐI

Svava Lovísa Aðalsteinsdóttir fékk viðurkenningu fyrir frábæran árangur í kvikmyndataekni, en í Tækniskólanum er kennd kvikmynda- og hljóðtækni í samvinnu við Stúdíó Sýrland.

EINEGGJA TVÍBURAR FENGU VIÐURKENNINGU

Tvíburarnir Anton Proppé Hjaltason og Brynjar Proppé Hjaltason hlutu viðurkenningu fyrir góða ástundun í Véltnækniskólanum. Þeir útskrifuðust báðir af vélstjórnarbraut og munaði aðeins 0,05 á lokaeknunn þeirra.

SKEMMTILEGT AÐ HEIMSÆKJA NEMENDUR

Haraldur Guðjónsson Thors fylgdi skólameistara og aðstoðarskólameistara í nokkrar heimsóknir og smellti af myndum.

Að sögn Hildar skólameistara og Guðrúnar Randalín aðstoðarskólameistara var virkilega skemmtilegt og gefandi að afhenda glaðbeittum og uppábúnum nemendum skírteini og gjöf frá skólanum og hitta í leiðinni aðstandendur.

ÞJÓNUSTA

NÁMSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjöfin snertir fjölmörg svið skólstarfsins en meginþungi starfsins er ráðgjöf við nemendur skólans, bæði í dagskóla og dreifnámi. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og á ýmsum aldri og tekur ráðgjöfin mið af því. Náms- og starfsráðgjafar eru málsvarar nemenda innan skólans og gæta hagsmuna þeirra. Við Tækniskólann starfa fjórir náms- og starfsráðgjafar í fullu starfi. Einn þeirra fór í námsleyfi á haustönn og var ráðinn náms- og starfsráðgjafi til þess að leysa hann af.

COVID-19

Árið 2020 setti COVID-19 mark sitt á allt skólstarfið, þ.á.m. ráðgjöfina. Náms- og starfsráðgjafar höfðu undirbúið sig vel þegar skólanum var lokað í mars og fjarkennsla hófst í gegnum TEAMS. Þjuggu þeir að því á haustönn þegar skólum var lokað að nýju.

Útbúnir voru listar yfir ýmsa nemendahópa innan skólans sem mikilvægt var að ná í til að styðja og sporna við brotthvarfi. Ráðgjafar höfðu svo samband við nemendur í þeim tilgangi að hvetja þá áfram og ræddu meðal annars um námsgengi og líðan. Þá voru nemendur einnig hvattir til að halda rúttínu, vera í góðu sambandi við kennara og fylgja stundatöflu. Nemendur voru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag og þá þjónustu sem þeim var boðin.

Á tímum heimsfaraldurs buðu náms- og starfsráðgjafar upp á viðtöl með aðstoð fjarfundarbúnaðar. Nemendur gátu bókað tíma í gegnum INNU og þá ýmist valið um símtal eða fjarfund. Á tímum staðkennslu var þriðji möguleikinn, viðtal í húsnæði skólans.

Að frumkvæði náms- og starfsráðgjafa var búið til rafrænt efni í samráði við markaðsdeild sem



átti að aðstoða nemendur skólans. Þetta var bæðai ætlað til hvatningar og til að fræða nemendur um námstækni. Efnið var meðal annars nýtt á samfélagsmiðlum og á vefsíðu skólans. Einnig var útbúið auglýsingaefni til að minna nemendur á námsráðgjöfina og námstækni. Í lok haustannar þegar nemendur voru farnir að finna fyrir auknu álagi og streitu var svo ákveðið að bjóða upp á fjögur skipti í jóga og djúpslökun í hádeginu á TEAMS.

Nýnemar og foreldrasamstarf

Náms- og starfsráðgjafar liðsinna nýnemum á margvíslegan hátt, meðal annars með nýnema-viðtölum við drjúgan hluta nemenda yngri en 18 ára og forráðamenn þeirra. Þeir voru áfram í góðu samstarfi við umsjónarkennara HVAÐ hópanna um ýmis nemendamál. Ávallt var lögð áhersla á að bjóða foreldrum til viðtals og/eða hafa samband í tölvupósti eða síma.

Kynningarfundir, fræðsla og nefndarstörf

Náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í fjölda kynninga innan og utan skólans á starfsárinu. Kynningar fyrir 10. bekkina og foreldra þeirra voru haldnir í nokkrum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru kynningar fyrir smærri hópa s.s. Grettistak, Hringsjá og Framvegis.

Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf H.Í. kom í sína árlegu heimsókn og fengu nemendur kynningu og leiðsögn um skólann. Snemma árs kom skólafólk frá Írlandi og Möltu í heimsókn og fengu meðal annars kynningu á starfi náms- og starfsráðgjafa.

Þann 6. mars var haldinn starfsþróunardagur framhaldsskólanna og komu náms- og starfsráðgjafar saman í Tækniskólanum þar sem gæða- og persónuverndarfulltrúi skólans fjallaði um ýmis persónuverndarmál.

Eins og undanfarin ár fór náms- og starfsráðgjafi inn í lífsleikni og kynjafræði með kynningu á starfinu og helstu þjónustu sem er í boði.

Samtökin 78 voru heimsótt, ráðgjafar sátu málþing um stöðu innflytjenda, málþing um upplýsingatækni og um rannsóknir og nýsköpun í framhaldsskólum. Þeir sóttu rafrænan fund fagaðila um ungt fólk á krossgötum og tóku þátt í námskeiði um jákvæða sálfræði. Ráðgjafar skráðu sig á rafræna fyrirlestra um líðan og áhrif heimsfaraldurs á ungmenni og webinar um stöðu barna á tímum COVID-19. Fundað var með hælisteymi Reykjavíkurborgar vegna nemenda með stöðu flóttamanna og tekið þátt í degi náms- og starfsráðgjafa sem að þessu sinni var rafrænn og helg-



aður félagslegu réttlæti í ráðgjöf, viðkvæmum hópum og ráðgjöf til hinsegin fólks.

Stafrænt opið hús var haldið 22. apríl og fengu gestir tækifæri til að tala við náms- og starfsráðgjafa í gegnum video spjall.

Þá má nefna að náms- og starfsráðgjafar sitja í ýmsum nefndum á vegum skólans s.s. áfallateymi og í teymi um einelti og kynferðislega áreitni. Mál af þeim toga voru þó nokkur á skólaárinu.

Önnur mál

Ráðgjafar voru stjórnendum innan handar varðandi innritun nemenda í skólann og þeirra umsækjenda sem fengu ekki skólavist í neinum framhaldsskóla. Að lokum má nefna að í lok hverrar annar taka náms- og starfsráðgjafar ítarleg viðtöl við nemendur sem ná ekki lágmarksárangri á önninni og fá boð um áframhaldandi skólavist með skilyrtum ástundunarsamningi en gengið er frá 70–100 slíkum samningum fyrir hverja önn. Vegna COVID-19 var gengið frá samningum í gegnum síma og tölvupóst.

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Sálfræðiþjónusta hefur nú verið starfrækt við Tækniskólann síðan haustið 2018. Benedikt Bragi Sigurðsson sálfræðingur var ráðinn til starfa hjá Tækniskólanum í 60% stöðu frá 8. ágúst 2018, en í fulla stöðu frá 1. nóvember sama ár. Megin tilgangur sálfræðiþjónustunnar er að bjóða nemendum upp á gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu í nærumhverfi þeirra, þ.e. í skólanum. Auk þess var horft til þess að sálfræðingur gæti boðið upp á námskeið og fræðslu og að starfsfólk gæti leitað

eftir sálfræðipjónustu ef svigrúm skapaðist til. Sálfræðipjónustan er í boði í þremur húsum Tækniskólans, á Skólavörðuholti, við Háteigsveg og í Hafnarfirði. Boðið er upp á tímabantanir í gegnum Innu en þannig geta nemendur pantað sér tíma milliliðalaust og valið þá tímasetningu sem passar við stundatöflu þeirra. Nemendur hafa tekið vel í þessa þjónustu og nýtt sér hana. Samstarf var haft við Landlæknisembættið og gæða- og skjalastjóra skólans um vinnulag, örugga varðveislu persónuupplýsinga og fleira.

Á starfsárinu 2020 fór Benedikt í heimsóknir í kennslustundir í lífsleikni en umræðuefni hverju sinni var ákveðið í samráði við kennara. Benedikt sat í stýrihópi heilsueflandi framhaldsskóla, í eineltisráði skólans og sat fundi með áfallaráði. Sálfræðingurinn er í nánú samstarfi við náms- og starfsráðgjafa Tækniskólans sem og aðra í stoðteymi skólans.

Starfsárið 2020 var með breyttu sniði frá því árin á undan vegna COVID-19 heimsfaraldurs. Vegna samkomutakmarkana og skólalokunar vann Benedikt heiman frá sér hluta úr árinu og bauð upp á fjarviðtöl. Í samræmi við leiðbeiningar Landlæknis var notast við Kara Connect fjarfundabúnað annars vegar og símtöl hins vegar. Á vorönn 2020, þegar skólanum var lokað í fyrsta sinn, dró nokkuð úr aðsókn í sálfræðiviðtöl. Athyglisvert er að COVID var ekki mikið til umræðu í sálfræðiviðtölum við nemendur snemma

í faraldrinum og þá var einnig áberandi að nemendur kusu frekar að notast við símtöl heldur en vefmyndavél í viðtölum. Á haustönn breyttist þetta þannig að COVID og íþyngjandi áhrif samkomutakmarkanna voru frekar til umræðu í sálfræðiviðtölum, eftirspurn eftir viðtölum jókst frá því sem var við fyrstu skólalokun og nemendur voru tilbúnari til þess að nota fjarfundabúnað með myndavél.

FORVARNIR

Markvisst er unnið að forvörnum í skólanum með fræðslu til nemenda þar sem meðal annars er fjallað um skaðsemi tóbaksnotkunar, vímuefna, mikillar tölvuleikjanotkunar, áhrif ofnotkunar samfélagsmiðla og mikilvægi næringar og nægs svefns. Stutt er við forvarnarstarfið með því að bjóða upp á nám í lífsleikni, fræðslu um mataræði og svefn og með því að bjóða upp á hollan og góðan mat í mótuneyti skólans en skólinn er þátttakandi í samvinnuverkefni Landlæknis „Heilsueflandi framhaldsskóli“. Við skólann starfar forvarnarfulltrúi.

FÉLAGSMÁLAFULLTRÚI

Hlutverk félagsmálafulltrúa er að styðja við og veita Nemendasambandinu og skólafélögnum ráðgjöf. Eins hefur hann það hlutverk að vinna markvisst að eflingu félagslífs innan skólans. Félagsmálafulltrúi er í fullu starfi við skólann.



JAFNRÉTTISMÁL

Við skólann er virk jafnréttisnefnd sem skipuð er fulltrúum starfsmanna, kennara og nemenda. Einnig vinnur skólinn að vottuðu jafnlaunakerfi og jafnréttisnefnd nemenda stendur fyrir fræðslu og framförum á sviði jafnréttismála.

UPPLÝSINGA- OG ALÞJÓÐAÐEILD

Upplýsinga- og alþjóðadeild Tækniskólans er með fjórar starfstöðvar, á Skólavörðuholti, Háteigsvegi og í Hafnarfirði. Skrifstofa skólans og bókasafn eru á Skólavörðuholti en bókasöfn á Háteigsvegi og í Hafnarfirði. Á Háteigsvegi og í Hafnarfirði er þjónusta skrifstofu veitt á bókasafninu, en á Skólavörðuholti er bókasafn á 5. hæð en skóla-skrifstofa á 1. hæð gegnt aðalinngangi.

Meginhlutverk Upplýsinga- og alþjóðadeildar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu auk þess að sjá um alþjóðamál skólans, sækja um Erasmus+ styrki og hafa umsjón með nýtingu þeirra.

Á skólaskrifstofu taka starfsmenn m.a. á móti fyrirspurnum frá nemendum jafnt sem almennungi og veita almennar upplýsingar um nám og kennslu. Á bókasafninu er veitt fjölbætt þjónusta, s.s. aðstoð við upplýsingaöflun, heimildaleit og kennsla í notkun heimilda, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvunotkun. Starfsfólk sér einnig um útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks. Safnið stendur fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og starfsfólk kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og lokaverkefnum.

Á vorönn var tekið á móti fimm hópum nemenda í lífsleikni á Skólavörðuholti, einum á Háteigsvegi og tveimur í Hafnarfirði, auk þess sem haldinn var fyrirlestur um heimildanotkun og ritgerðarsmíð í íslensku (ÍSLE2GO). Á haustönn var aðeins ein heimsókn í upplýsingalæsi á Skólavörðuholti vegna aðstæðna en fyrirlesturinn var jafnframt tekinn upp og settur á Teams svæði áfangans. Fyrirlesturinn var svo spilaður í tíma fyrir aðra hópa í Lífsleikni á þeirri önn. Tekið var á móti einum hóp nemenda af K2 og farið yfir upplýsingaöflun og heimildanotkun en auk þess voru haldnir fjórir fyrirlestrar um efnið í Teams með nemendum í ÍSLE2GO.



Starfsfólk upplýsinga- og alþjóðadeildar hefur umsjón með grunnskólavali, þ.e. að skrá nemendur í 10. bekk grunnskóla sem velja sér áfanga í Tækniskólanum. Vegna lokunar skólans í mars gátu grunnskólanemar ekki lokið þeim áföngum sem þeir höfðu valið sér á vorönn og ekki var boðið upp á grunnskólavali á haustönn.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn leitir.is

Skráð eintök í bókasafnskerfið Gegni: 23.251, þar ef eru 18.931 eintak bóka. Eintökum bóka og tímarita hefur fækkað töluvert frá fyrra ári en tíminn í COVID var m.a. notaður til að fara í gegnum safnkostinn og afskrifa gamlar og úreltar bækur auk allra þeirra tímaritaeintaka sem Landsbókasafn hefur gert aðgengileg á vefnum timarit.is.

Heildarútlán: 2.558, nær helmingi færri en árið á undan. Heildarfjöldi lánþega: 449, þ.a. eru 369 nemendur sem hafa fengið bók, tímarit eða kannski reiknivél að láni á bókasafni skólans. Mun fleiri nemendur notfæra sér þjónustu bókasafns en útlánatölur gefa til kynna, þar er góð aðstaða til hópvinna og mörgum finnst líka gott að sitja þar og spjalla eða bara „hanga“. Vegna COVID þurfti að takmarka þann fjölda sem gat

verið á safninu en ávallt var þess gætt að fara eftir þeim sóttvarnareglum sem í gildi voru hverju sinni.

ALÞJÓÐAMÁL

Skólinn sótti um styrk til Menntaáætlunar Evrópu-sambandsins (Erasmus+) til að gera nemendum og starfsmönnum kleift að sækja sér fræðslu og starfsþjálfun í öðrum Evrópulöndum. Jákvætt svar fékkst við umsókninni og fékk skólinn útlutað 446.320 evrum til fræðsluferða nemenda og starfsmanna. Styrkirnir gera 119 nemendum kleift að stunda nám og starf erlendis frá tveimur vikum upp í tólf mánuði. Starfsmenn njóta einnig góðs af úthlutuninni, sem gerir þeim mögulegt að fara í þriggja til fimm daga heimsóknir til evrópskra skóla og fyrirtækja. Vegna ferðatakmarkana hefur styrktímabilið verið framlengt um eitt ár og því munu nemendur og starfsmenn geta nýtt styrkina fram á mitt ár 2023.

Í febrúar 2020 fóru sex nemendur Raftækniskólans í hálf mánaðar námsferð með tveimur kennurum til Þýskalands. Fleiri urðu ferðirnar ekki en tveir nemendur í gullsmíði sem voru á 12 mánaða námsstyrk í Bretlandi og Danmörku náðu að klára sitt nám.

Tækniskólinn er þátttakandi í fjórum samstarfsverkefnum með öðrum skólum í Evrópu en þeim var öllum skotið á frest og styrkjatímabilið framlengt um eitt ár.



FÉLAGSLÍFIÐ

VAXANDI FÉLAGSLÍF

Félagslífið í Tækniskólanum er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og áhersla er lögð á að markvisst sé unnið að því að bjóða upp á félagslíf sem höfðar til breiðs hóps nemenda og viðburði sem tengjast fjölbreyttum áhugamálum þeirra.

Í hverjum undirskóla eru starfrækt skólafélög sem standa fyrir margvíslegum viðburðum ætluðum nemendum undirskólanna en heildarsamtök félaganna Nemendasambandið (NST) heldur utan um framkvæmd stærri viðburða sem opnir eru öllum nemendum skólans.

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að efla félagslíf skólans. Hefur sú vinna skilað góðum árangri sem hefur sýnt sig m.a. í aukningu á fjölda viðburða, þátttöku nemenda og aukinni virkni skólafélaganna.

FYRIRKOMULAG OG FÉLÖG

Nemendasamband Tækniskólans heldur utan um framkvæmd stærri viðburða í félagslífi skólans. Auk NST eru níu virk skólafélög:

- » Skólafélag Tæknimenntaskólans (NTM)
- » Skólafélag Skipstjórnarskólans (Nemendafélag Stýrimannaskólans)
- » Skólafélag Upplýsingatækniskólans (Eniac)
- » Skólafélag Handverksskólans
- » Skólafélag Stafrænnar hönnunar
- » Skólafélag Veltækniskólans
- » Skólafélag Raftækniskólans (SRS)
- » Skólafélag Byggingatækniskólans
- » Skólafélag hljóð- og myndtækninema

STJÓRN

Miðstjórn Nemendasambands Tækniskólans (NST) skólaárið 2019–2020 skipuðu Huginn Þór Jóhannesson, formaður, Kaja Gunnarsdóttir, varaformaður Berglind Marý Egilsdóttir ritari og Helena Dís Friðriksdóttir fulltrúi nemenda í Hafnarfirði. Hálfán Helgi Matthíasson var fulltrúi nýnema.

Auk miðstjórnar er fjöldinn allur af nefndum innan NST sem sinna verkefnum í þágu nemenda skólans. Starfandi nefndir á árinu voru:

- » Auglýsinganefnd
- » Skemmtinefnd
- » Málfundarnefnd (Gettu betur og Morfis)
- » Videonefnd (Pulsan)
- » Jafnréttisnefnd nemenda
- » Tækninefnd
- » LAN nefnd (LNT)



MARKVERÐIR VIÐBURÐIR Á ÁRINU

Vegna COVID-19 faraldursins var kosningum frestað og fóru þær ekki fram fyrr en í september með góðri þátttöku. Kosnið var í gegnum Innu og kynntu nemendur framboð sín í gegnum vef Nemendasambandsins, NST.is.

Hálf dán Helgi Matthíasson var kosinn formaður, Ólafía Björt Benediksdóttir varaformaður, Hrefna Hjörvarsdóttir ritari og Helena Dís Friðriksdóttir fulltrúi nemenda í Hafnarfirði. Birta Dís Hilmarsdóttir var kjörin af nýnemum sem fulltrúi þeirra í miðstjórn.

Viðburðir voru töluvert færri þetta árið eins og gefur að skilja þótt ýmislegt hafi þó haldið sínum dampi.

Gettu betur lið skólans komst í fyrsta sinn í 8-liða úrslit og þar með í sjónvarpsútsendingu. Einnig fór Morfís lið skólans í 8-liða úrslit. Í lok janúar var söngkeppni skólans haldin og þar bar Brynja Lísa Þórisdóttir sem bar sigur úr þítum. Hún náði þó ekki að koma fram í söngkeppni framhaldsskólanna þar sem hún þurfti að sitja í sóttkví á keppnisdaginn. Ekkert ball var haldið á árinu og eins var nýnemaferðinni aflýst vegna faraldursins ásamt LAN-mótunum sem venjulega eru haldin á hverri önn.

Nemendasambandið og skólafélögin voru þó dugleg við að finna lausnir á þessu og voru til að mynda haldnir fjöldi viðburða í gegnum netið, t.d. „FjarSvar“, bingó, uppistand og klúbbakvöld þar sem tölvuleikir voru spilaðir gegnum netið. Auk þess skipulagði Nemendasambandið bílabíó í Hafnarfirði í desember.

Eniac, skólafélag Upplýsingatækniskólans, stóð fyrir klúbbakvöldum vikulega á árinu, en þau fóru fram í gegnum netið frá því í mars.

Aukið sjálfstæði skólafélaga Tækniskólans hefur bætt flóruna í félagslífi skólans ásamt fjölbreyttara framboði í klúbbastarfi skólans. Þótt COVID-19 hafi litað félagslíf nemenda á árinu eru hjartir tímar fram undan og má segja að félagslífið í Tækniskól- anum sé orðið samofið í mynd skólans – sem er góð.



MARKVERÐIR VIÐBURÐIR

Heimsfaraldur setti mark sitt á viðburði ársins en þrátt fyrir það gerðist ýmislegt markvert eins og eftirfarandi dæmi gefa til kynna:

JANÚAR



TÆKNISKÓLINN Í 8 LIÐA ÚRSLIT GETTU BETUR

- » Gettu betur lið Tækniskólans hafði betur í viðureign við Menntaskólann á Akureyri og komst þar með í 8 liða úrslit keppinnar í fyrsta skiptið í sögu skólans.

VINNUVERNDARVIKA STARFSMENNTASKÓLANNA

- » Í fyrsta skipti stóðu starfsmenntaskólar landsins að sérstakri vinnuverndarviku þar sem kastljósinu var beint að öryggis- og vinnuvernd í víðu samhengi. Starfsfólki og nemendum skólanna var m.a. gefinn kostur á að sækja fyrirlestra um hin ýmsu málefni sem tengjast vinnuvernd og öryggismálum.



FEBRÚAR



GLÆSILEG NÝSVEINAHÁTÍÐ

- » Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík (IMFR) stóð fyrir glæsilegri nýsveinahátíð sem var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur, laugardaginn 8. febrúar.
- » Tuttugu og þrjár iðnnemar voru verðlaunaðir og þar af tólf úr Tækniskólanum.

UT MESSAN

- » Fulltrúar Tækniskólans tóku á móti þúsundum gesta á UTMessunni þar sem frumlegur bás skólans var með MARS þema. Nokkur þúsund minjagripir sem voru prentaðir í 42 Framtíðastofu skólans voru gefnir gestum og nokkur þúsund MARS súkkulaði fylgdu með.





ÁRSHÁTÍÐARVIKA NEMENDA

- » Árshátíð nemenda var haldin 24.–27. febrúar.
- » Dagskrá vikunnar var fjölbreytt og ber þar helst að nefna LaserTag mót, Rush trampólingarðinn, Söngkeppni NST og árshátíðarball í samvinnu við FÁ og FB.

LANDSKEPPNI NÍUNNAR

- » Kristinn Víkar Jónsson nemandi á tölvubraut sigraði í landskeppni Niunnar sem er netöryggiskeppni íslenskra ungmenna. Kristinn Víkar sigraði í sínum aldursflokki og var næst stigahæstur í heildarkeppninni.



/////// MARS

SÖNGKEPPNI TÆKNISKÓLANS

- » Brynja Lía sigraði í söngkeppni Tækniskólans, þar sem hún söng lagið Toxic.
- » Brynja er nemandi á hársnyrtibraut.



#FYRIRMIG

- » Kynningarátakið #fyrirmig er heitið á kynningarátaki sem allir starfs- og tæknimenntaskólar stóðu að í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Samband íslenskra sveitarfélaga og Menntamálaráðuneytið.
- » Markaðsdeild Tækniskólans stóð á bak við hugmyndavinnu við verkefnið og leikstýrði sex kynningarmyndböndum og ljósmyndum sem voru notuð til kynningar á iðn- og starfsgreinum.

COVID-19

- » Vegna COVID-19 var flestum viðburðum sem halda átti í skólanum auk viðburða sem Tækniskólinn ætlaði að taka þátt í aflýst.
- » Neyðastjórn var skipuð innan skólans og fór hún reglulega yfir stöðuna og skipulag skólahalds í tengslum við COVID-19.
- » Um miðjan mars var öll kennsla færð í fjarnám.



APRÍL

STAFRÆNT OPIÐ HÚS

- » Vegna COVID-19 var haldið stafrænt opið hús í Tækniskólanum þann 22. apríl 2020.
- » Hægt var að kynna sér fjölbreytt námsframboð og spjalla við nemendur og starfsfólk gegnum fjarfundarbúnað.
- » Einnig var hægt að skoða siglinghermi, framtíðarstofuna, vélasal og fleiri rými skólans í gegnum 3D myndir.



JÚNÍ



ENDURSMÍÐI KRÍSUVÍKURKIRKJU FAGNAÐ

- » Verklökum við endursmiði Krýsuvíkukirkju var fagnað en nemendur Tækniskólans, Vinafélag Krýsuvíkukirkju og Þjóðminjasafn Íslands stóðu að verkefninu.
- » Við athöfnina tók Þjóðminjasafn Íslands við kirkjunni en síðar um sumarið var hún flutt í Krýsuvík og vígð.

OKTÓBER

TÆKNISKÓLINN HLÝTUR GULLEPLIÐ

- » Árlega veitir embætti landlæknis verðlaunin Gulleplið fyrir framúrskarandi heilsuefningarstarf í framhaldsskólum og í ár var lögð áhersla á skólatengsl.
- » Tækniskólinn er starfandi á átta mismunandi starfsstöðum við krefjandi aðstæður en þrátt fyrir það hefur stjórnendahópur lagt áherslu á að efla skólatengsl nemenda með afgerandi og áhugaverðum nálgunum.



DESEMBER



LÍÐ TÆKNISKÓLANS Í 2. SÆTI Í MEMA 2020

- » Nemendur á hönnunar- og nýsköpunarbraut hreptu 2. sæti í MEME með Neyðarhnappinn Björg en hann á að stuðla að auknu öryggi einstaklinga sem búa við ofbeldi.
- » Liðið samanstóð af þeim Magdalenu Sigurðardóttur, Rögnu Brekkan, Raket Eyjólfsdóttur og Roswithu Sigurósk.

STARFSMENN

STARFSMENN

Í loks ársins 2020 störfuðu hjá Tækniskólanum 265 starfsmenn í 253 stöðugildum, 144 karlar og 121 kona. Þar af voru 16 stjórnendur, 5 í teymi námsráðgjafa og sálfræðings, 186 kennarar, 12 þroskaþjálfar og aðstoðarfólk þeirra, auk 46 annarra starfsmanna.

Að afloknu námsleyfi lét Kolbrún Kolbeinsdóttir af störfum sem skólastjóri Tæknimenntaskólans og sneri sér aftur að kennslu við skólann. Við starfi hennar tók Jóna Dís Bragadóttir, sem leyst hafði hana af.

Sandra Borg Gunnarsdóttir var ráðin skólastjóri Hönnunar- og handverksskólans, en Ragnheiður Bjarnadóttir lét af störfum af persónulegum ástæðum.

STARFSMANNAFÉLAG

Starfsmannafélag er starfrækt í skólanum sem að venju stendur fyrir árlegri árshátíð og jólahlaðborði. Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að halda hefðbundnar samkomur þetta árið. Í stað þess að sleppa öllu skemmtanahaldi var farin sú leið að nýta sér tæknina til rafrænna hátíðarhalda þar sem fólk fékk sé mat og drykk sendan heim og hittist svo í netheimum. Þátttaka var góð og mikil ánægja með framtakið.

STARFSÞRÓUNARDAGAR

Starfsþróunardagur allra starfsmanna framhaldsskólanna var haldinn 6. mars 2020, en þetta var í fyrsta skipti sem slíkur dagur var haldinn með því sniði. Markmiðið var að nota daginn í starfsþróun allra starfsmanna framhaldsskólanna, hvort sem þeir eru kennarar, stjórnendur eða starfsmenn á stoðsviðum. Fjórtán framhaldsskólar tóku þátt, þar af tíu á höfuðborgarsvæðinu. Greinum og starfsemi var skipt niður á þessa tíu skóla í höfuðborginni sem hýstu dagskrá dagsins.



Þannig söfnuðust t.d. verknámskennarar saman í Borgarholtsskóla, starfsbrautir í FÁ, stærðfræði í Flensborg og umsjónarmenn fasteigna í Menntaskólanum í Kópavogi. Tækniskólinn tók á móti náms- og starfsráðgjöfum, net- og kerfisstjórum og þeim sem tengjast tölvugreinum.

Sameiginlegur rammi að dagskrá var útbúin af undirbúningsnefnd sem að hluta til var sameiginleg í öllum hýsingarskólum, þ.e. nokkur erindi höfðu verið tekin upp og þau spiluð fyrir fundarmenn. Að öðru leyti sáu kennarar og viðkomandi starfsmenn sjálfir um að setja saman dagskrá sem hentaði viðkomandi hópi. Almennt var góður rómur gerður að þessari tilraun og var reynslan afskaplega jákvæð.

SKÓLAHALD Í HEIMSFARALDRI

VORÖNN 2020

Ekki er hægt að gera upp árið 2020 án þess að fjalla um áhrif COVID-19 á skólastarfið en það reyndi töluvert á aðlögunarhæfni og útsjónarsemi starfsmanna og nemenda skólans.

Hlutirnir gerðust hratt í upphafi faraldursins og því var skammur tími til að bregðast við breyttu landslagi í kennslu og samskiptum við nemendur. Tilkynnt var um samkomubann föstudaginn 13. mars sem taka skyldi gildi frá og með mánudeginum 16. mars. Öllum skólabyggingum Tækniskólans var lokað í kjölfarið og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá í Teams þriðjudaginn 17. mars. Skipti sköpum í hröðum viðbrögðum að skólinn hafði hafið undirbúning fyrir það „óhugsanlega“ mjög snemma í ferlinu og var því vel undir það búinn að loka og færa alla kennslu yfir í fjarkennslu. Fjarkennsluráð var þá virkjað sem ákvað að ef til lokunar kæmi skyldi Teams notað í fjarkennslu. Tölvudeild skólans hóf undirbúning við að koma upp vefmyndavélum og tengja fjarfundabúnað ásamt því að búa til Teams kennsluefni fyrir kennara og nemendur sem aðgengilegt var á vef skólans. Skólinn gat áfram veitt alla helstu þjónustu, t.d. gátu nemendur fengið lánaðar bækur af bókasafni og skólinn lánaði þeim sem á þurftu að halda tæki og tól. Kennarar voru jafnframt ótrúlega útsjónarsamir að finna leiðir til verklegrar heimakennslu.

Líðan nemenda

Þegar skólastarf færðist alfarið í fjarnám í mars sendi stöðteymi skólans rafræna könnun sem var lögð fyrir alla nemendur dagskóla. Tilgangurinn var að kanna stöðu og líðan nemenda í þessum breyttu aðstæðum, með það að markmiði að skoða hvort hægt væri að koma með tillögur til úrbóta svo styðja mætti sem best við nemendahópinn. Niðurstöður könnunarinn-



ar sýndu fram á ánægju nemenda með aðstoð starfsfólks í fjarnáminu og gekk nemendum almennt vel að sinna náminu í gegnum Teams forritið. Flestir upplifðu vinnufrið á heimilinu til þess að stunda námið en það sem nemendur áttu helst í vandræðum með var að skipuleggja sig nógu vel og halda rútinu.

Þrátt fyrir nokkuð jákvæðar niðurstöður höfðu starfsmenn skólans áhyggjur að því að afleiðingarnar þess að skólastarfi var nánast kollvarpað á augabragði verið aukið brotthvarf og úrsögn úr skóla. Sett var upp áætlun til að sporna við að svo yrði sem fólst meðal annars

Í því að náms- og starfsráðgjafar svo og sálfræðingur höfðu samband við nemendur og var sérstaklega hugað að þeim sem talið var að væru í brotthvarfshættu. Þá voru kennarar og skólastjórar mjög virkir í að hafa samband við nemendur og hvetja þá til dádá. Samanburðartölur um brotthvarf og úrsögn úr skóla staðfesta að vel hafi tekist að halda utan um nemendur og brotthvarfshlutfall heldur lækkad milli ára.

Lok annar

Eftir að hafa haldið úti fjarnámi frá 17. mars tókst með miklum undirbúningi og tilheyrandi skipulagi að opna skólann að hluta þann 4. maí og taka á móti 800 nemendum í hús til að klára þau verklegu verkefni sem ekki reyndist möguleiki á að framkvæma í fjarnámi. Með samstilltu átaki allra og mikilli viðveru kennara og nemenda tókst að vinna mörg verkefni á naumum tíma.

Öllum til mikillar gleði var hægt að hafa útskrift með nokkuð hefðbundnu sniði í Hörpu þann 28. maí. Vegna sóttvarnarreglna sem enn voru í gildi þurfti að hafa athöfnin í tvennu lagi, gæta sóttvarna, virða fjöldatakmörkanir og passa upp á að fjarlægðarmörk væru virt. Athöfnin tókst í alla staði vel og nemendur og starfsmenn héldu glaðir inn í sumarið.

HAUSTÖNN 2020

Skólalald hófst með nokkuð hefðbundnum hætti þann 25. ágúst 2020. Þá voru í gildi reglur um fjöldatakmörkanir og fjarlægð en ekki eins strangar og þegar skólanum var lokað í mars.

Kennsla haustannar var blanda af staðnámi og fjarnámi. Kennsla í verklegum greinum fór fram í skólanum en bókleg fög voru að miklu leyti kennd í gegnum Teams. Það var því lagt upp úr því að hafa leiðbeiningar sem nýtast við fjarkennslu og fjarnám aðgengilegar, bæði fyrir nemendur og starfsfólk.


Eins og gefur að skilja var mikil áhersla lögð á sóttvarnir og mátti nálgast spritt og grímur á mörgum stöðum í skólanum. Grímuskylda var sett á í skólanum í lok september og var í gildi út önnina. Einnig var lögð áhersla á að halda fjarlægð og passa upp á hámarksfjölda í stofum.

Því miður þurfti að fresta eða hætta við ýmislegt vegna sóttvarnarreglna. Meðal annars var tekin ákvörðun um að bjóða ekki upp á grunnskólalaval og námskeiðum Endurmenntunarskólans var frestað. Hvað félagslífið varðar þá gátu nemendur sótt um leyfi til þess að halda litla viðburði og umsóknir voru teknar fyrir hjá neyðarstjórn skólans og metnar í ljósi stöðunnar hverju sinni.

Starfið í skólanum tók reglulegum breytingum út önnina í takt við þær reglur sem voru í gildi í samfélaginu hverju sinni og tilfærslur á kennslu voru algengar. Húsnæði skólans var þó opið að einhverju leyti alla önnina en í október og nóvember var bóknám nánast alveg fært yfir á Teams. Þegar kom að annarlokum voru próf í námsgreinum sem höfðu verið í fjarkennslu rafræn en nemendur mættu í hús til að sinna verklegum prófum.

Útskrift Tækniskólans þann 20. desember var með óvenjulegum hætti. Athöfnin var tekin upp fyrir fram og síðan sýnd í streymi á sama tíma og kennarar og aðrir starfsmenn keyrðu skírteini og verðlaun heim til útskriftarnema þar sem því var viðkomið. Ákveðið var gefa öllum útskriftarnemum smá pakka frá skólanum sem viðurkenningarvott fyrir þrautseigju og dugnað á þessum erfiðu tímum.

Heimsfaraldurinn setti vissulega stórt strik í skólastarf ársins en er það mat skólastjórnenda að með góðum undirbúningi, útsjónarsemi og samstöðu stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og forráðamanna hafi tekist mjög vel að halda áfram kennslu og útskrifa stóran hóp nemenda á starfsárinu með miklum sóma.





TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

NEMENDAFJÖLDI

Skóli	Braut nemenda	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H
Byggingatekniskólinn	Almenn námsbraut	4	4	10	11	11	5	11	3	18	7	11
	Grunnnám tréiðna	11	17	18	12	7	2	55	13	59	30	84
	Húsasmiði	84	81	94	106	116	90	98	113	110	125	128
	Húsgagnabólstrun										1	2
	Húsgagnasmiði	53	48	45	41	50	42	45	31	41	41	42
	Málaraiðn	24	25	23	22	13	21	15	26	21	33	42
	Múriðn	13	27	23	31	33	32	29	44	42	43	57
	Pípulagnabraut	69	42	57	57	70	72	69	81	87	88	142
	Tækniteiknun	51	48	37	31	41	32	36	32	39	37	40
	Veggfóðrun og dúkalagnir	2	1	2					6	8	14	13
Samtals		311	293	309	311	341	296	358	349	425	419	561
Hönnunar- og handverksskólinn	Almenn námsbraut	11	14	14	7	10	6	6	7	17	6	21
	Fataiðn	6	14	24	29	24	16	8	19	7	24	16
	Fataækni	59	61	30	30	33	20	29	23	51	26	49
	Gull- og silfursmiði	19	18	15	21	17	19	19	17	24	23	18
	Hársnyrtibraut	113	90	101	82	98	79	85	81	94	92	122
	Hönnunarbraut	158	128	103	86	78	57	72	84	93	97	111
	Skósmiði	1				1	2					
Samtals		367	325	287	255	261	199	219	231	286	268	337
Raftækniskólinn	Almenn námsbraut	8	6	5	8	12	5	31	10	15	11	24
	Grunnnám rafiðna	148	145	155	149	154	131	185	186	190	207	253
	Rafeindavirkjun	41	22	44	32	24	15	7	5	7	1	18
	Rafvirkjun	61	50	54	34	46	66	61	66	105	82	84
	Samtals		258	223	258	223	236	217	284	267	317	301
Skipstjórnarskólinn	Skipstjórn	91	76	67	59	66	94	60	95	83	102	110
Samtals		91	76	67	59	66	94	60	95	83	102	110
Tekniakademían	Hljóðækni	20	20	19	20	22	21	17	23	18	34	26
	Kvikmyndatekni		12	13	23	21	17	23	12	29	14	29
	Stafræn hönnun	48		29	49	54	50	40	38	45	42	55
	Vefskólinn			22	36	37	34	32	23	9	8	20
Samtals		68	32	83	128	134	122	112	96	101	98	130
Tæknimenntaskólinn	Almenn námsbraut	33	22	3		15	12	4	2	23	3	17
	Íslenskubraut fyrir útlendinga	81	82	66	62	68	63	78	70	83	101	126
	Janus endurhæfing	23	25	19	21	14	9	4	2	1		
	K2			26	25	49	45	69	67	65	57	62
	Náttúrufræðibraut	10	10	10	6	5	10	11	7	10	14	34
	Náttúrufræðibraut - flugtækni	18	18	18	16	26	21	25	25	25	22	17
	Náttúrufræðibraut - raftækni	13	13	12	12	11	6	11	13	9	11	5
	Náttúrufræðibraut - tölvutækni	13	13	12	7	11	11	11	16	20	22	12
	Starfsnám	47	47	67	59	63	55	51	55	58	51	62
	Stúdentspróf af fagbraut	29	21	16	14	18	20	10	8	5	6	13
Samtals		267	251	249	222	280	252	274	265	299	287	348
Upplýsingatekniskólinn	Almenn námsbraut	28	21	41	33	36	21	31	18	14	5	12
	Bókband	1	3			2	4	2	1	1		2
	Grafísk miðlun	38	26	37	25	32	30	23	22	27	27	27
	Ljósmyndun	15	13	9	8	13	19	11	9	15	13	25
	Prentun	4	1	1	1	3	1		3			
	Tölvubraut	319	296	320	262	251	219	222	194	202	184	183
	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	84	92	97	85	80	63	99	98	119	102	98
Samtals		489	452	505	414	417	357	388	345	378	331	347
Véltækniskólinn	Almenn námsbraut	2	1	4	1							
	Grunnnám bíliðna	16	12	1								
	Grunnnám málmíðna			30	31	19	11	29	25	24	22	22
	Málmíðngreinar, fyrri hluti	28	28	4								
	Rennismíði	8	8	8	11	12	14	5	3	6	8	12
	Stálmíðabraut	7	5	9	7	10	11	12	16	13	10	14
	Vélstjórn	189	177	172	168	157	154	140	127	126	133	147
Vélvirkjun	18	15	20	16	20	20	26	24	22	21	29	
Samtals		268	246	248	234	218	210	212	195	191	194	224
Heild samtals		2119	1898	2006	1846	1953	1747	1907	1843	2080	2000	2436

ALDURSDREIFING

Aldursdreifing í dagskóla. Fjöldi nemenda 18 ára og yngri, 19 ára og eldri:

Skóli	Aldur	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H
		Byggingatækniskólinn	18 og undir	65	38	86	60	94	63	97	73	137
	19 og yfir	246	256	224	251	247	233	261	276	289	312	394
Hönnunar- og handverksskólinn	18 og undir	89	51	71	40	61	42	62	47	96	59	116
	19 og yfir	278	274	216	215	200	158	157	184	189	208	221
Raftækniskólinn	18 og undir	82	47	88	53	73	47	89	61	92	88	157
	19 og yfir	176	177	170	171	163	170	195	205	222	212	222
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	12	4	8	5	12	6	8	3	6	6	8
	19 og yfir	77	72	58	54	55	88	52	92	77	94	102
Tækniakademían	18 og undir	2		4	1	5				4	1	3
	19 og yfir	20	33	79	127	141	122	112	96	97	97	127
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	138	105	156	123	201	160	215	148	226	150	236
	19 og yfir	130	146	92	99	79	92	59	117	76	138	113
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	231	148	247	168	235	155	217	124	174	114	159
	19 og yfir	257	304	258	246	181	203	171	222	204	217	188
Véltækniskólinn	18 og undir	65	43	78	52	66	39	66	45	58	40	54
	19 og yfir	203	203	171	183	152	171	146	150	133	157	171
Tækniskólinn	18 og undir	684	436	738	502	747	512	754	501	793	565	897
	19 og yfir	1387	1465	1268	1346	1218	1237	1153	1342	1287	1435	1538

Hlutfall nemenda 18 ára og yngri, 19 ára og eldri:

Skóli	Aldur	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H
		Byggingatækniskólinn	18 og undir	21%	13%	28%	19%	28%	21%	27%	21%	32%
	19 og yfir	79%	87%	72%	81%	72%	79%	73%	79%	68%	74%	71%
Hönnunar- og handverksskólinn	18 og undir	24%	16%	25%	16%	23%	21%	28%	20%	34%	22%	34%
	19 og yfir	76%	84%	75%	84%	77%	79%	72%	80%	66%	78%	66%
Raftækniskólinn	18 og undir	32%	21%	34%	24%	31%	22%	31%	23%	29%	29%	41%
	19 og yfir	68%	79%	66%	76%	69%	78%	69%	77%	71%	71%	59%
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	13%	5%	12%	8%	18%	6%	13%	3%	7%	6%	7%
	19 og yfir	87%	95%	88%	92%	82%	94%	87%	97%	93%	94%	93%
Tækniakademían	18 og undir	9%	0%	5%	1%	3%	0%	0%	0%	4%	1%	2%
	19 og yfir	91%	100%	95%	99%	97%	100%	100%	100%	96%	99%	98%
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	51%	42%	63%	55%	72%	63%	78%	56%	75%	52%	68%
	19 og yfir	49%	58%	37%	45%	28%	37%	22%	44%	25%	48%	32%
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	47%	33%	49%	41%	56%	43%	56%	36%	46%	34%	46%
	19 og yfir	53%	67%	51%	59%	44%	57%	44%	64%	54%	66%	54%
Véltækniskólinn	18 og undir	24%	17%	31%	22%	30%	19%	31%	23%	30%	20%	24%
	19 og yfir	76%	83%	69%	78%	70%	81%	69%	77%	70%	80%	76%
Tækniskólinn	18 og undir	33%	23%	37%	27%	38%	29%	40%	27%	38%	28%	37%
	19 og yfir	67%	77%	63%	73%	62%	71%	60%	73%	62%	72%	63%

Meðalaldur nemenda í dagskóla:

Skóli	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H
Byggingatekniskólinn	24.7	25.1	23.6	25.5	23.9	25.2	23.8	24.7	23.1	23.9	23.3
Hönnunar- og handverksskólinn	24.7	25.7	23.6	24.8	23.5	24.4	22.3	23.0	21.3	22.9	21.3
Raftækniskólinn	22.3	23.3	22.2	23.3	22.7	23.2	22.4	23.7	22.4	23.0	21.6
Skipstjórnarskólinn	25.4	26.9	25.9	27.0	24.7	28.9	27.1	33.1	30.2	33.4	33.8
Tækniakademían	24.4	25.3	24.7	26.0	25.1	25.9	25.8	25.9	23.6	24.0	24.9
Tæknimenntaskólinn	20.9	21.8	19.6	20.4	18.5	19.1	17.9	19.0	17.8	18.9	18.2
Upplýsingatekniskólinn	20.3	21.1	20.1	21.0	19.8	20.7	19.8	20.6	20.4	21.6	20.8
Véltækniskólinn	23.3	23.9	21.9	23.1	22.2	23.7	21.5	21.9	21.5	23.5	22.2
Tækniskólinn	22.7	23.5	22.0	23.3	22.0	23.1	21.7	22.9	21.7	23.0	22.2

BROTTFALL

Brottfall eininga í almennum greinum:

Skóli	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H
Byggingatekniskólinn	33.8%	32.8%	24.7%	24.1%	22.7%	27.6%	24.3%	24.5%	14.5%	25.4%	16.5%
Hönnunar- og handverksskólinn	29.1%	27.7%	27.2%	22.5%	24.8%	28.6%	27.0%	28.5%	17.4%	22.3%	16.3%
Raftækniskólinn	27.1%	24.3%	24.0%	18.5%	21.9%	18.8%	26.7%	22.1%	17.6%	26.4%	20.4%
Skipstjórnarskólinn	27.5%	22.0%	19.0%	29.9%	16.9%	14.7%	33.0%	30.9%	47.8%	19.0%	15.2%
Upplýsingatekniskólinn	21.5%	23.7%	20.3%	19.8%	15.8%	23.0%	21.2%	22.5%	17.8%	19.6%	19.8%
Véltækniskólinn	15.3%	14.7%	14.9%	15.2%	15.9%	17.3%	23.5%	15.4%	11.7%	12.5%	13.4%
Tækniskólinn	24.3%	24.4%	21.7%	20.2%	19.1%	22.7%	24.1%	22.9%	16.9%	21.7%	17.6%

Brottfall eininga í fagáföngum skóla:

Skóli	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H
Byggingatekniskólinn	16.8%	12.8%	14.4%	13.9%	19.3%	12.0%	12.4%	16.5%	16.3%	12.8%	14.1%
Hönnunar- og handverksskólinn	15.1%	12.1%	12.8%	9.4%	11.3%	10.2%	11.3%	11.6%	10.3%	8.7%	7.1%
Raftækniskólinn	15.0%	19.3%	13.1%	18.2%	13.1%	13.5%	15.2%	12.8%	12.9%	11.3%	17.5%
Skipstjórnarskólinn	14.4%	7.4%	17.7%	13.8%	15.4%	7.4%	26.8%	15.9%	16.7%	17.9%	13.5%
Upplýsingatekniskólinn	13.7%	13.8%	10.4%	7.9%	12.3%	13.0%	12.0%	9.7%	15.2%	13.9%	19.1%
Véltækniskólinn	11.8%	6.4%	9.6%	8.6%	8.0%	11.1%	13.0%	15.6%	7.0%	5.6%	9.5%
Tækniskólinn	14.4%	13.0%	12.3%	11.7%	13.1%	11.8%	13.4%	13.2%	13.1%	11.2%	13.6%

DREIFNÁM



Fjöldi nemenda í dreifnámi:



Skóli	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H
Byggingatækniskólinn	71	55	85	51	88	51	81	85	107	128	137
Meistaraskólinn	200	210	225	265	277	260	245	224	249	303	368
Raftækniskólinn	33	56	74	57	86	101	101	95	109	118	147
Skipstjórnarskólinn	117	102	149	140	140	90	105	45	67	21	35
Tæknimenntaskólinn	18	16	24	14	5	21	19	5		28	1
Upplýsingatækniskólinn	63	39	27	40	37		19		17		18
Véltækniskólinn	20	37	33	38	33	28	36	11	13	3	4
Tækniskólinn samtals	522	515	617	605	666	551	606	465	562	601	710



Meðalaldur nemenda í dreifnámi::



Skóli	2015 H	2016 V	2016 H	2017 V	2017 H	2018 V	2018 H	2019 V	2019 H	2020 V	2020 H
Byggingatækniskólinn	35.7	36.3	35.2	37.0	32.7	34.7	31.3	34.3	35.3	36.0	35.6
Meistaraskólinn	35.5	36.7	36.8	37.5	37.1	36.7	36.6	36.9	37.0	37.2	36.7
Raftækniskólinn	29.8	34.8	33.2	34.0	31.3	33.5	33.0	33.6	33.6	34.0	35.0
Skipstjórnarskólinn	35.1	35.9	34.9	35.9	34.5	37.2	36.4	40.7	37.6	40.1	35.7
Tæknimenntaskólinn	39.2	41.8	39.5	38.7	24.4	32.0	39.0	39.2		36.7	26.0
Upplýsingatækniskólinn	28.5	29.5	29.7	31.4	28.6		28.2		29.9		31.4
Véltækniskólinn	33.6	35.9	33.7	36.0	35.2	38.8	39.4	33.4	36.5	29.0	38.5
Tækniskólinn	34.3	35.8	35.3	36.3	34.6	36.0	35.3	36.0	35.9	36.4	35.9



KYNJASKIPTING














AFKOMA ÁRSINS

Heildartekjur ársins 2020 voru 4.918,5 milljónir, þar af sértekjur 500,2 milljónir. Rekstrargjöld námu 4.721,2 milljónum, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 3.555,8 milljónum. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu 49,8 milljónum og hagnaður ársins var því 147,5 milljónir króna.

Launahlutfall hækkar á milli ára, fer úr 71,0% í 72,3%.

Í árslok voru eignir 1.263,7 milljónir króna og eigið fé 741,4 milljónir. Eiginfjárlutfall er 58,7% og lækkar lítillega á milli ára.

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýringar	2020	2019
Rekstrartekjur			
Þjónustusamningur Ríkissjóðs		4.418.290.273	3.754.061.879
Aðrar tekjur og styrkir		500.222.955	539.811.659
		<u>4.918.513.228</u>	<u>4.293.873.538</u>
Rekstrargjöld			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt vinna		3.555.818.099	3.049.429.559
Rekstur húsnæðis		869.350.362	813.403.007
Annar rekstrarkostnaður		296.051.683	315.260.468
		<u>4.721.220.144</u>	<u>4.178.093.034</u>
Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði		197.293.084	115.780.504
Afskrift viðskiptavildar	2	4.500.000	4.125.000
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	3	57.294.780	58.403.015
		<u>61.794.780</u>	<u>62.528.015</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		135.498.304	53.252.489
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		9.658.810	18.623.134
Vaxtagjöld, verðbætur og bankakostnaður		(4.586.020)	(4.611.574)
Gengismunur		6.970.641	106.239
		<u>12.043.431</u>	<u>14.117.799</u>
Afkoma ársins		<u>147.541.735</u>	<u>67.370.288</u>